

Fundur stjórnar með félagsmiðstöðinni Pegasus 28.9.2011

Mættir: Karen, Selma, Sólveig, Brynhildur, Anna María, Sigurður og Særún
ásamt Ásgeir frá félagsmiðstöðinni.

Starfsemin:

Ásgeir byrjaði á að kynna félagsmiðstöðina sem er á vegum ÍTK en ekki skólans.

Ásgeir starfaði á félagsmiðstöðvunum bæði í Digranes- og Hjallaskóla fyrir sameiningu. Þær voru mjög ólíkar, sem mótaðist m.a. af stærð húsnæðis. Minni nánd nú í meiri fjölda og stærra húsnæði en mjög góð aðsókn.

Félagsmiðstöðin er opin á mánudögum og miðvikudögum. Frá kl. fimm til sjö fyrir 6. og 7. bekk. Verið er að ræða um að leyfa einnig 5. bekk að mæta á þeim tíma. Opið er fyrir 8.-10. bekk frá hálfátta til tíu, en þeir mega einnig koma frá kl. fimm til sjö. Í hádeginu er opið inn í sjónvarpsherbergið og sýnd mynd.

Annan hvern föstudag er uppákoma, venjulega í samvinnu við aðra skóla.

Nokkrir klúbbar eru starfandi s.s. trommuklúbbur, föndur, hljómsveit o.fl

Talað er við þá krakka sem ekki mæta í félagsmiðstöðina og skoðað afhverju, hvort það er vegna annarra tómsunda eða einangrunar. Reynt að virkja þau til að koma.

7 starfsmenn; Margrét forstöðumaður í fullu starfi, Ásgeir í 80% starfi og aðrir í 30% starfi og vinna einungis þegar félagsmiðstöðin er opin.

Samstarf við foreldra

Stjórnin hefur áhuga auknum tengslum milli foreldrafélagsins og félagsmiðstöðvar og auknu samstarfi vegna ýmissa viðburða og vegna fjáröflunar.

Margrét er með hugmyndir um að auka samstarf við foreldrafélagið en Ásgeir veit ekki hverjar þær eru. Ákveðið að Karen og Sólveig, tengiliðir stjórnar við elsta stig, hitti Margréti til að skoða þau mál frekar.

Samstarf við krakkana

Félagsmálafræðin, sem er valgrein á efsta stigi og Margrét kennir, er notuð m.a. í að skipuleggja dagskrá fyrir hvern mánuð og undirbúa viðburði.

Kynning fyrir foreldra á félagsmiðstöðinni

Félagsmiðstöðin er með kynningu fyrir krakkana en hefur ekki verið með kynningu fyrir foreldra.

Stefnt er að því að kynning verði á fundi sem halda á fyrir efsta stigið í október.

Spurning hvort ætti ekki að halda svipaðan fund fyrir miðstigið og þar yrði kynning á félagsmiðstöðinni líka.

Félagsmiðstöðin er með svæði á heimasíðu skólans en þar er lítið efni sett inn, en hún er með mjög virka Facebook-síðu. Stjórn hvetur til að sett sé meira efni inn á heimasíðu skólans þannig að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir foreldra. Setja m.a. inn áætlunina sem gerð er fyrir veturinn og dagskrá hvers mánaðar.